



B.t. innviðaráðuneytis

Kópavogur, 10. apríl 2024
Málsnr. 2011001

Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) við drög að borgarstefnu

Með vísan til máls S-32/2024, drög að borgarstefnu, sem birt voru hinn 9. febrúar 2024 í samráðsgátt stjórnvalda vilja SSH koma eftirfarandi á framfæri. Er hér aðeins litið til atriða er varða starfssvæði SSH:

SSH fagna gerð borgarstefnu, enda mikilvægt að hér á landi séu sjálfbær borgarsvæði sem eru eftirsótt til búsetu og atvinnu og standa vel í samkeppni við sambærileg svæði erlendis. Þá átti fulltrúi SSH sæti í starfshóp um mótun borgarstefnu.

SSH hafa lagt áherslu á að þó verkefnið snúi að því að móta borgarstefnu fyrir höfuðborg landsins, þá sé áhrifasvæðið höfuðborgarsvæðið allt. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa með sér samstarf í fjölmörgum málaflokkum t.d í skipulagsmálum með sameiginlegu svæðisskipulagi, samgöngumálum, loftslagsmálum, úrgangsmálum og rekstri almenningssamgangna. Eru þetta mikilvægir þættir þegar kemur að samkeppnishæfni höfuðborgarsvæðisins sem þarf stöðugt að efla og þarfnast frekari athygli og stuðnings ríkisvaldsins.

Mikilvægt er að byggðastefna ríkisins horfi til höfuðborgarsvæðisins þegar kemur að byggðasjónarmiðum. Höfuðborgarsvæðið á fyrst og fremst í samkeppni við borgir erlendis um mannauð og fjárfestingar, fremur en önnur svæði innanlands. Á sama tíma og mikilvægt er að horfa til aðgerða til þess að styðja við aðrar byggðir landsins, þá er mikilvægt að horfa til þeirra þátta er gera höfuðborgarsvæðið að framúrskarandi borgarsamfélagi. Það er enda forsenda þess að fólk og fyrirtæki sem kjósa borgarsamfélag velji höfuðborgarsvæðið fremur en borgir og þéttbýlisstaði í öðrum löndum. Því er stefna fyrir höfuðborgina og höfuðborgarsvæðið lykilatriði þegar horft er til þeirra þátta er hafa áhrif á val á búsetusvæði fyrir þau sem vilja lifa og starfa í borgarsamfélagi.


SSH telja að æskilegt væri að skýra betur hugtakaskilgreiningar í drögunum. Réttilega kemur fram að áhrifasvæði Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins markist af Hvítá-Hvítá en á því svæði búa yfir 80% þjóðarinnar. Þá er í drögunum rætt um höfuðborgarsvæðið, en starf SSH miðar að því að styrkja samstarf sveitarfélaga á því svæði, enda sé um eitt búsetu- og atvinnusvæði að ræða. Skilgreining framangreindra hugtaka; þ.e. áhrifasvæðis og höfuðborgarsvæðis er skýr og óumdeild. Í drögunum er hins vegar jafnframt fjallað nokkuð um „borgarsvæði“ og í tilviki Reykjavíkurborgar er ekki fyllilega ljóst hvort átt er við höfuðborgarsvæðið allt eða aðeins landfræðilega afmörkun Reykjavíkurborgar þegar fjallað er um „borgarsvæði“. Þrátt fyrir hlutverk Reykjavíkurborgar sem höfuðborgar er að mati SSH



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

mikilvægt, við stefnumótun í byggðamálum og gerð aðgerðaáætlunar á grundvelli borgarstefnu, að líta heildrænt á höfuðborgarsvæðið allt.

Virðingarfyllt,



Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH